

maður og því veruleg hættu á að hann haldi áfram brotum með óskertu frelsi, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 5. t. l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. júní n.k. kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Anthony Lee Bellere, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. júní 1988 kl. 17:00.

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 60/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Róbert Emanúel Glad

Kærumál. Húsleit. Rannsóknargögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr. 1. t. l. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar 1988, er barst Hæstarétti 25. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Greinargerð frá varnaraðila barst Hæstarétti 4. þ.m. Styður hann kæru sína þeim rökum, að hinn kærði úrskurður sé „órökstuddur og reistur á tilbúnum og ósönnum rökum“. Ennfremur kvartaði hann yfir því að hafa ekki fengið öll málskjöl í hendur í endurriti dómsgerða. Gerði hann af þessum sökum áskilnað um viðbótargreinargerð af sinni hendi og kvaðst bréflega hafa óskað eftir skjölum þessum við héraðsdómarann. Þessi krafa var tekin fyrir í saka-

dómi í ávana- og fikniefnamálum samdægurs og hún barst dóm-inum 8. þ.m. og kveðinn upp úrskurður, þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um að fá afhent endurrit bókunar um þann hluta lokaðs þinghalds í sakadómi í ávana- og fikniefnamálum 23. febrúar 1988, sem fram fór fyrir luktum dyrum. Endurrit bókunar um aðra hluta sama þinghalds, svo og fylgiskýrslur, voru hins vegar afhent honum 11. þ.m. Hinn 14. þ.m. barst Hæstarétti framhaldsgreinargerð frá varnaraðila, sem andmælir úrskurðinum frá 8. þ.m. og óskar enn eftir endurriti bókunar um hið lokaða þinghald. Kveðst hann vænta þess, að Hæstiréttur hlutist til um, að héraðsdómari verði við þeim tilmælum.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 8. þ.m. varðar kynningu sakargagna og verður ekki kærður til Hæstaréttar, sbr. 170. gr. 4. tl. laga nr. 74/1974. Samkvæmt 78. gr. sömu laga kynnir dómari sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli, þegar er honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvelða eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar. Eins og hér stendur á eru ekki efni til að láta varnaraðila í té endurrit bókunar um lokað þinghald í máli hans fyrrnefndan dag.

Varnaraðila var veitt uppreist æru 10. júlí 1987. Sama dag fund-ust í fórum hans 2,7 g af hassi. Var það mál afgreitt með dómsátt 2. september sl. Í greinargerð sinni til Hæstaréttar kveðst hann síð-an 1980 ekki hafa gerst sekur um fikniefnabrot að framangreindu máli undanteknu, auk þess að yfir standi rannsókn á máli frá því í desember sl., þar sem fyrir liggi sala hans „á örfáum grömmum af amfetamíni skv. fram komnum lögregluskýrslum“. Í skýrslu um húsleit þá, sem framkvæmd var samkvæmt hinum kærða úrskurði, segir m.a.: „Á staðinn kom Þórður Þórðarson með fikniefnaleitar-hundinn Kol. Kolur vísaði strax á hassplötu, sem var klemmd í hefilbekk. Þá vísaði Robert á hassmola, sem var falinn í einangrun við útihurð. Lagt var hald á mortél með hassleifum, sem Robert sagðist hafa notað við blöndun á hassi. Robert var viðstaddur leit-ina.

Fyrir héraðsdómara lá að taka ákvörðun um húsleit á grundvelli eindreginnar frásagnar lögreglumanna um vitnisburð um fikniefna-sölu varnaraðila og meta, hvort þessar upplýsingar gætu talist

sönnunargögn gegn honum við þessa ákvörðun. Ekkert er fram komið, er hnekki mati héraðsdómara á þeirri stundu, og varðar ekki ómerkingu úrskurðarins að í byrjun varð brestur á afhendingu kærumálgagna til varnaraðila. Í framhaldsgreinargerð sinni fullyrðir varnaraðili að framburður sá, er um getur í forsendum hins kærða úrskurðar, að ónafngreindur aðili hafi á þessu ári fengið frá honum um 300 g hassefnis og ætti von á 50 g til viðbótar síðar um kvöldið sé rangur. Um sannleiksgildi þessa verður ekki dæmt nú, en andmæli þessi nægja ekki til að hnekkja hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal óraskaður.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Skýrsla sú, er varnaraðili hefur ekki fengið afhenta, er dóm-skýrsla tekin af héraðsdómara í lokuðu þinghaldi samkvæmt 16. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála vegna kröfu um heimild til húsleitar. Í 174. gr. sömu laga segir að við kæru slíkra mála til æðra dóms megi koma fram ný gögn og ný málsatvik. Síðan segir: „Jafnskjótt sem kæru hefur verið lýst, skal dómari gera ágríp af því, er kærumálið varðar. Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en ríkis-saksóknara, sökunaut eða verjanda hans eitt eintak hverjum...“ Héraðsdómari hefur afhent dómsgerðir af málinu að því undan-teknu að varnaraðili hefur ekki fengið dómskýrslu þá er áður var getið. Samkvæmt framangreindum orðum 174. gr. laga um meðferð opinberra mála þykir varnaraðili eiga ótvíræðan rétt á að fá hina umdeildu dómsskýrslu afhenta og breytir 16. gr. sömu laga engu þar um, en hún tekur til lokunarþinghalds fyrir almenn- ingi.

Vegna þessa ágalla þykir eiga að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 23. febrúar 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 23. febr. var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik:

Lögreglunni í Reykjavík hafa að undanfögnu borist ítrekaðar upplýsingar um ætlaða hass- og amfetamínsölu Róberts E. Glad og hann talinn hafa stundað slíkt allt frá því er hann gekk laus úr gæsluvarðhaldi 22. desember sl.

Samkvæmt gögnum hér við embætti hefur nefndur Róbert Glad marg-ítrekað undanfarin ár orðið uppvis að fíkniefnamisferli.

Lögregla handtók fyrr í dag aðila, eftir að í hans vörslum fundust um 40 gr af ætluðum hassefnum.

Tveir lögreglumenn staðfestu fyrir stundu í lokuðu þinghaldi hver þessi aðili væri og að hann hefði lýst yfir að hann hafi frá sl. áramótum samtals mótttekið frá Róbert Glad um 300 g af hassefnum og frá honum átt von á 50 g til viðbótar síðar í kvöld.

Lögreglumenn sögðu þennan aðila af hræðslu við Róbert Glad þó hafa veigrað sér við að staðfesta þennan framburð formlega með nafnritun.

Niðurstöður:

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 16, 1916.

Sérhvert sannað brot gegn nefndum ákvæðum mundi varða þyngri refsingu en um getur í 48. gr. laga nr. 74, 1974.

Með vísan til ofanritaðs þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu og ákveða að leit skuli gera að fíkniefnum og sönnunargögnum hugsanlega tengdum þeim að Bárugötu 4 og að Laugavegi 24 hér í borg í vistarverum Róberts Emanúel Glad.

Einnig að heimild nái til leitar í læstum hirslum svo og geymslurými á ofangreindum stöðum sem sérstaklega má telja á vegum ofangreinds Róberts E. Glad.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Leit skal gera að fíkniefnum og sönnunargögnum hugsanlega tengdum þeim í vistarverum Róberts Emanúel Glad f. 29.10. 1954, að Bárugötu 4 Reykjavík og að Laugavegi 24 Reykjavík.

Heimild nær og til leitar í læstum hirslum svo og geymslurými, sem á nefndum stöðum má telja sérstaklega á vegum Róberts Emanúel Glad.